



Borgarráð

Björgunarsveitirnar í Reykjavík - samningur 2023-2025

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálögð drög að endurnýjuðum samstarfssamningi við björgunarsveitirnar í Reykjavík fyrir árin 2023-2025. Árlegt framlag borgarinnar verði 15 mkr. sem greiðast af kostnaðarstað 09510, ýmsar samningsbundnar greiðslur. Samtals nemur fjárhæðin 45 mkr. á samningstímanum.

Greinargerð:

Markmið samstarfssamningsins er að Reykjavíkurborg styðji við rekstur björgunarsveitanna í Reykjavík sem aðild eiga að samningi þessum. Styrkur sem veittur er skv. samningnum er til stuðnings almennu björgunar- og hjálparstarfi björgunarsveitanna.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Samstarfssamningur Reykjavíkurborgar og björgunarsveitanna í Reykjavík 2023-2025, drög.

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík, hér eftir nefnd *Reykjavíkurborg*, annars vegar og Björgunarsveitin Ársæll, kt. 540999-2449, Björgunarsveitin Kjölur, kt. 690390-1089, Flugbjörgunarsveitin í Reykjavík, kt. 550169-6149, og Hjálparveit skáta í Reykjavík, kt. 521270-0209, hér eftir nefndar *björgunarsveitirnar*, hins vegar, gera með sér svohljóðandi:

Samstarfssamning

1. gr. Tilgangur og gildissvið

Markmið samningsins er að styðja við rekstur björgunarsveitanna í Reykjavík sem aðild eiga að samningi þessum. Styrkur sem veittur er skv. samningnum er til stuðnings almennu björgunar- og hjálparstarfi björgunarsveitanna.

2. gr. Fjárhagsskuldbindingar og greiðslur

Samningurinn gildir fyrir árin 2023 til 2025. Reykjavíkurborg greiðir björgunarsveitunum 15 mkr. árlega til að styðja við rekstur þeirra með fyrirvara um fjárhagsáætlun 2024 og 2025. Samtals nemur fjárhæðin 45 mkr. á samningstímanum. Greiðslur fara fram 15. mars, 15. júní, 15. september og 15. desember árlega, kr. 3.750.000 í hvert sinn gegn framvísun reikninga. Árið 2023 mun þó fyrsta og önnur greiðsla fara fram 15. júlí.

Fjárstyrkur Reykjavíkurborgar skv. samningi þessum er greiddur óskiptur til styrkþega sameiginlega og skulu þeir sjá um að skipta styrknum á milli sín skv. sérstöku samkomulagi sem þeir gera sín á milli.

Greiðslur skv. samningi þessum verða greiddar inn á reikning 0101-26-040020, kt. 540999-2449, sem er í umsjá Björgunarsveitarinnar Ársæls.

3. gr. Ábyrgðaraðilar og tengiliðir

Umsjón og eftirlit með framkvæmd samnings þessa er hjá skrifstofu borgarstjóra og borgarritara hjá Reykjavíkurborg. Forstöðumenn björgunarsveitanna hafa umsjón með framkvæmd samningsins fyrir hönd hvernar björgunarsveitar um sig og eru tengiliðir við Reykjavíkurborg.

4. gr. Eftirlit, eftirfylgni og kynningarmál

Björgunarsveitirnar skulu skila greinargerð við lok samningstímabilsins um ráðstöfun fjárframlags Reykjavíkurborgar og framvindu samstarfs, í síðasta lagi 31. desember 2025, og ársreikningum fyrir árin 2023-2025 þegar þeir liggja fyrir en þó eigi síðar en 30. maí 2026.

Björgunarsveitirnar skulu halda kynningu á því verki sem fjárveiting fór til án sérstakrar þóknunar sé eftir því óskað af Reykjavíkurborg. Björgunarsveitirnar skulu upplýsa í kynningum á starfsemi sinni að þær njóti fjárframlaga frá Reykjavíkurborg.

5. gr. Höfundarréttur og trúnaður

Samningsaðilar skulu virða sem trúnaðarmál allar þær upplýsingar um starfsemi gagnaðila sem þeir kunna að öðlast við framkvæmd samnings þessa nema lög kveði á um annað, enda séu þær ekki almennt þekktar eða hafi verið gerðar opinberar. Þagnarskyldan helst eftir samningslok. Fulltrúar björgunarsveitanna skulu virða þagnarskyldu skv. 101 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og meðhöndla persónuupplýsingar af fyllsta trúnaði og gæta ákvæða laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

6. gr. Fyrirvarar, vanefndir og meðferð deilumála

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um samþykki borgarráðs og borgarstjórnar og eru fjárveitingar Reykjavíkurborgar eftir fyrsta ár samningsins með fyrirvara um fjárheimildir samkvæmt fjárhagsáætlun á hverju ári eftir það.

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að rifta samningi þessum og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannanlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu björgunarsveitanna. Telji annar samstarfsaðili sig ekki geta uppfyllt ákvæði samnings þessa skal tilkynnt um það tafarlaust skriflega. Ef fjárframlag frá Reykjavíkurborg er notað í öðrum tilgangi en samkvæmt samningi þessum eða á þann hátt að gengur í berhögg við markmið og stefnu Reykjavíkurborgar áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að rifta samningum og/eða krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta eða öllu leyti þegar í stað. Rísi mál vegna samningsins skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

7. gr. Framsal

Björgunarsveitunum er með öllu óheimilt að framselja skyldur sínar samkvæmt samningi þessum án samþykkis Reykjavíkurborgar.

Samningur þessi er gerður í fimm eintökum og heldur hver aðili sínu eintaki. Undirritaðir aðilar staðfesta samning þennan með undirritun sinni í votta viðurvist og staðfesta að þeir hafi fullt umboð til að skuldbinda aðila samnings þessa í samræmi við ákvæði hans.

Reykjavík, [dags.]

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Björgunarsveitarinnar Ársæls

F.h. Björgunarsveitarinnar Kjalar

F.h. Flugbjörgunarsv. í Reykjavík

F.h. Hjálparveita skáta í Reykjavík

Vottar að rétttri undirskrift, dagsetningu:

Nafn kt.

Nafn kt.